



1. Á heilsugæslunni



H4.20

José þarf að fara til læknis. Honum er illt í bakinu og hálsinum. Hann var í vinnunni í dag og fer beint úr vinnunni til heimilislæknisins á heilsugæslunni. Hann talar fyrst við ritarann í afgreiðslunni og greiðir fyrir læknistímann.

José: Góðan dag. Ég á tíma hjá Guðrúnu klukkan korter í fjögur.

Ritari: Hvað er nafnið?

José: José.

Ritari: Ertu með afsláttarkort?

José: Nei. Hvar fæ ég það?

Ritari: Hjá Sjúkratryggingum Íslands. En þú þarft að vera búinn að greiða ákveðna upphæð fyrir lækniþjónustu á einu ári áður en þú færð afsláttarkort.

José: Ókei. Ég fæ það örugglega ekki. Ég fer svo sjaldan til læknis.

Ritari: Þetta eru þá 1.100 krónur.

José: Gjörðu svo vel.

Ritari: Takk. Hér er kvittunin þín. Hún kallar svo á þig.

José: Takk fyrir.

Hvað er að?/Að líða vel eða illa/Að vera illt

(ég) Mér er illt í höfðinu!	Nú, hvað er að þér?
(þú) Hvar er þér illt?	Mér er illt í hálsinum.
(hann) Hvað er að honum?	Honum er illt í maganum.
(hún) Hvernig líður henni?	Frekar illa. Henni er illt í bakinu.
(við) Okkur er illt!	Hvar er ykkur illt?
(þið) Hvað er að ykkur?	Okkur er illt í öxlunum.
(þeir/þær/þau) Hvernig líður þeim?	Þeim líður mjög vel.



Hvað segir Fríða frænka?

Afsláttarkort fæst hjá Sjúkratryggingum Íslands. Ef þú hefur afsláttarkort borgar þú minna fyrir lækniþjónustu. Upplýsingar eru á www.sjukra.is

1.1 Skrifaðu rétt orð



Dæmi: Þú ert veikur. **Þér** er illt í höfðinu

1. Hann er veikur. _____ er illt í maganum.
2. Hún er heima í dag. _____ líður illa.
3. Hvað er að þér? _____ er illt í hendinni.
4. Hvernig líður ykkur? _____ er illt í öxlunum.
5. Ég ert lasin. _____ er illt í hálsinum.
6. Þau fara ekki í göngutúr. _____ er illt í fótunum.
7. Við erum hress. _____ líður vel!

1.2 Hvaða orð heldur þú að komi í samtali José og læknisins?



- | | | | |
|------------------------------------|------------------------------------|------------------------------------|--|
| <input type="checkbox"/> sárt | <input type="checkbox"/> frí | <input type="checkbox"/> lýsi | <input type="checkbox"/> að hoppa |
| <input type="checkbox"/> að kyngja | <input type="checkbox"/> vont | <input type="checkbox"/> nudd | <input type="checkbox"/> að beygja sig |
| <input type="checkbox"/> að hjóla | <input type="checkbox"/> lyfseðill | <input type="checkbox"/> sýking | <input type="checkbox"/> læknisvottorð |
| <input type="checkbox"/> verkir | <input type="checkbox"/> lyf | <input type="checkbox"/> að liggja | <input type="checkbox"/> að hvíla sig |



1.3 Læknisskoðunin



H4.21

Læknirinn skoðar José vel. Hann lýsir upp í munninn á honum og tekur sýni úr hálsinum á honum. Hann segir við José að hann sé með streptókokkasýkingu og skrifar lyfseðil fyrir hann. José þarf að fara í lyfjabúð til að leysa út sýklalyfið. Læknirinn skoðar líka bakið á honum.

Læknirinn: Hvenær byrjaði verkurinn í bakinu?

José: Fyrir svona þremur dögum.

Læknirinn: Varstu að gera eitthvað sérstakt?

José: Nei, ég held ekki. Ég man það ekki.

Læknirinn: Viltu beygja þig? Viltu rétta hægt úr bakinu? Er þetta vont?

José: Já, ég finn til þarna! Ái! Ekki ýta!

Læknirinn: Ég held að það sé gott að þú farir til sjúkraþjálfara. Ég skal skrifa beiðni um sjúkraþjálfun fyrir þig.

José: En hvað með vinnuna?

Læknirinn: Það er best að þú hvílir þig í nokkra daga. Ég skrifa læknisvottorð. Þú hefur samband aftur ef þér versnar.

1.4 Spyrjið og svarið



1. Hvert fer José?
2. Hvaðan er hann að koma?
3. Hvað er að honum?
4. Hvað gerir læknirinn?
5. Hvað er gott fyrir José að gera?
6. Á José að koma aftur til læknisins?
7. Hvað gerir sjúkraþjálfari?

að batna - **Mér batnar** ef ég tek lyfin.

að versna - **Mér versnar** kvefið ef ég fer út.



Hvað segir Fríða frænka?

Á heilsugæslustöð er hægt að fara til heimilislæknis. Þar er líka mæðravernd fyrir óléttar konur og ungbarnaeftirlit með nýfæddum börnum. Á mörgum heilsugæslustöðvum er einnig læknavakt síðdegis. Þá þarf ekki að panta tíma, bara mæta á staðinn.

2. Rósa lætur sig dreyma



Rósa vinnur í mötuneyti í banka. Hún er að vinna í dag en *henni líður* ekki mjög vel. *Hana svimar* vegna þess að hún drakk rauðvín í gærkvöldi og *hana klæjar* undan bolnum sínum. *Henni leiðist* stundum veðrið á Íslandi og *henni þykir* veturinn langur. *Hana langar* að fara í heimsókn heim til Brasilíu og *hana dreymir* um að liggja í leti á sólarströnd. *Henni gengur* því miður ekki vel að safna peningum fyrir ferðinni, *hana vantar* aukavinnu!

2.1 Breyttu Rósu í Rafael og segðu „hann“ eða „honum“ í staðinn fyrir „hana“ og „henni“



Sagnir

að dreyma	Mig dreymir mikið á nóttunni.
að klæja	Klæjar þig undan ullarpeysu?
að langa	Hann langar í bíó í kvöld.
að svima	Okkur svimar þegar við erum hátt uppi.
að sviða	Hana sviður í sárið á fingrinum.
að syfja	Ykkur syfjar í íslenskutímunum.
að vanta	Þá/Þær/Þau vantar íbúð í sumar.
að finnast	Mér finnst gaman á skíðum.
að ganga	Hvernig gengur þér að læra?
að leiðast	Leiðist ykkur bókin?
að líða	Honum líður vel í nýju vinnunni.
að líka	Okkur líkar vel við nágranna okkar.
að takast	Henni tekst að fá vinnu.
að þykja	Þeim þykir humarsúpa góð.

2.2 Skrifaðu nýja sögu í 1. persónu – mig eða mér.



Notaðu sagnir úr töflunni

2.3 Tölum saman!



- a) Hvernig líður þér í dag?
- b) Hvað dreymdi þig í nótt?
- c) Hvenær leiðist þér?
- d) Hvað vantar þig?

Mig dreymdi .../Ég man það ekki!

3. Á spítala



H4.23

Susan liggur á spítala. Hún fótbrotnaði og þurfti að fara í aðgerð á fætinum. Hún þarf að liggja inni í nokkra daga. Hún er með fótinn í gífsi núna. Hún er með mikla verki í fætinum og þarf stundum að fá verkjalyf. Vinkona hennar er í heimsókn.

Susan: Hæ, en hvað þú varst góð að koma.

Danuta: Auðvitað kom ég. Ég frétti þetta í gær. Hvað gerðist?

Susan: Ég datt í hálkunni á sunnudaginn þegar ég var að koma úr búðinni. Ég held að ég hafi líka fengið höfuðhögg, ég var alveg ringluð fyrst á eftir.

Danuta: Gastu staðið upp?

Susan: Ég reyndi en það var svo ofsalega sárt að ég gat það ekki. Þá hrópaði ég á hjálp og maður kom hlaupandi. Kona sem var nálægt hringdi á sjúkrabíl.

Danuta: Og forstu strax í aðgerð?

Susan: Nei, fyrst þurfti ég að tala við hjúkrunarfræðing og síðan lækni. Þá fór ég í myndatöku og eftir það beið ég heillengi eftir sérfræðingi sem skoðaði myndirnar. Hann skar mig upp næsta morgun.


Danuta: Oj, bara. Finnur þú mikið til í löppinni?

Susan: Já, ég er stundum alveg að drepast úr verkjum!

Danuta: Hvað verður þú lengi frá vinnu?

Susan: Ég verð líklega í veikindaleyfi í fjórar til sex vikur. Ég fæ vonandi göngugífs eftir tvær vikur. Verst að þurfa að vera á hækjum. Ég get örugglega ekkert keyrt eða farið neitt. O, þetta er svo pirrandi!

Danuta: Ég veit en vertu fegin að ekki fór verr! Reyndu að vera jákvæð þá batnar þér örugglega fljótt.



3.1 Spyrjið og svarið



1. Hvað kom fyrir Susan?
2. Hvað þurfti sérfræðingurinn að gera við hana?
3. Hvar eru verkirnir?
4. Hvað þarf Susan að vera lengi frá vinnu?

3.2 Rannsóknir



H4.24-25

Algis situr og bíður á göngudeild Landspítalans. Hann er að bíða eftir túlki sem ætlar að túlka fyrir hann. Hann þarf að hitta marga lækna í dag og fara í nokkrar rannsóknir. Algis er með krabbamein og þarf að fara í krabbameinsmeðferð. Hann þarf bæði að fara í lyfjameðferð og geislameðferð. Hann kvíðir rosalega mikið fyrir. En fyrst þarf að rannsaka hann betur. Hann á að fara í blóðprufur og sneiðmynd.



Læknir: Komdu sæll Algis. Ég heiti Guðmundur.

Algis: Sæll.

Læknir: Við erum búin að skoða málið og þetta lítur nokkuð vel út.

Algis: Já?

Læknir: Já, ég held að þetta eigi eftir að ganga vel. Þú byrjar í meðferðinni í næstu viku. Þú færð lyf í æð og færð líka töflur sem þú tekur heima.

Algis: Eru miklar aukaverkanir?

Læknir: Það er einstaklingsbundið. En oftast er fólk lasið daginn eftir lyfjameðferð. Það er oft eins og flensa og stundum kastar fólk upp.

Algis: Það hljómar ekki vel!

Læknir: Nei, það er rétt. En þú færð líka pillur sem hjálpa þér með það. Áttu ekki fjölskyldu á Íslandi til að hjálpa þér?

Algis: Jú, yngsta systir mín býr hérna líka. Við leigjum saman. En hún vinnur mikið. Ég er ekki búinn að segja foreldrum mínum frá þessu.

Læknir: Ég myndi ráðleggja þér að gera það. Þér líður betur þegar þú hefur sagt þeim frá þessu. Þú þarft að fá stuðning á meðan á meðferðinni stendur.

Algis: Já, ég ætla að segja þeim frá þessu í kvöld. Mamma getur kannski komið til Íslands og verið hjá mér og systur minni í svolítinn tíma.



Hvað segir Fríða frænka?

Á Íslandi hafa útlendingar rétt á að fá túlk þegar þeir fara til læknis eða á spítala. Líka ef þeir þurfa að fara í yfirheyrslu hjá lögreglunni eða fara fyrir dóm. Það þarf að panta túlk.

3.3 Spyrjið og svarið. Skrifaðu svarið eða spurninguna



1. Hvað er að Algis? _____ .
2. Í hvað þarf hann að fara? _____ .
3. _____ ? Af því að hann er hræddur.
4. Hvað hefur hann ekki gert? _____ .
5. _____ ? Systir hans.

3.4 Hvað gerir starfsfólk á spítala? Merktu með réttu númeri



- | | |
|----------------------------|---|
| 1. Skurðlæknir | ___ svæfir fólk fyrir aðgerðir. |
| 2. Hjúkrunarfræðingur | ___ tekur röntgenmyndir. |
| 3. Starfsmaður í ræstingum | ___ stjórnar spítalanum og hefur miklar áhyggjur af peningum! |
| 4. Svæfingarlæknir | <u>1</u> sker fólk upp. |
| 5. Geðlæknir | ___ gefur fólki lyf og fylgist með sjúklingum. |
| 6. Sjúkraliði | ___ þrífur og skúrar. |
| 7. Röntgentæknir | ___ tekur blóðþrýsting og aðstoðar sjúklinga. |
| 8. Forstjóri | ___ skammtar mat og vaskar upp. |
| 9. Starfsmaður í eldhúsi | ___ kennir fólki að gera æfingar og hreyfa sig rétt. |
| 10. Sjúkraþjálfari | ___ hjálpar fólki sem er þunglynt. |



Dæmi	
að leggjast inn á spítala	Ég þarf að leggjast inn á spítala í næstu viku.
að liggja inni (á spítala)	Hún liggur inni á deild 13-E. Hún lá inni í fimm daga. Ég hef aldrei legið á spítala.
að fara í aðgerð	Hann fer í aðgerð á hné í næstu viku. Hann fór í aðgerð á síðasta ári.
að útskrifast (af spítala)	Ég útskrifast af spítalanum á morgun. Hún var útskrifuð í gær. Hún fór heim.
að fara: í rannsóknir í blóðprufu í myndatöku í meðferð í magaspeglun/ristilspeglun	Ég fór í margar rannsóknir. Við fórum bæði í blóðprufu. Það er dýrt að fara í myndatöku. Hún fór í meðferð og var lengi í henni. Hann fer í magaspeglun á morgun.

3.5 Búðu til samtal. Notaðu orðin í kaflanum



3.6 Sérfræðingar. Finndu 5 orð yfir lækna á íslensku (sérfræðinga), t.d. í símaskránni



Sérfræðingur	Þýðing
<i>Geðlæknir</i>	
<i>Skurðlæknir</i>	
<i>Hjartalæknir</i>	



Hvað segir Fríða frænka?

Það er hægt að fara í ýmsar meðferðir á Íslandi, t.d. meðferð við áfengissýki (alkóhólisma). Á heimasíðu SÁÁ er hægt að fá upplýsingar um vandamál tengd áfengissýki og vímuefnafíkn og meðferðarmöguleika (www.saa.is).

4. Hvað kann ég?



4.1 Tengdu rétt saman



- | | |
|--------------------------------------|---|
| 1. Læknisvottorð færðu | ___ af því að hún fótbrotnaði. |
| 2. Honum batnar ef | ___ að leysa út lyfseðla. |
| 3. Hún fékk gifs | ___ fór með sjúkrabíl á spítala. |
| 4. Sjúkraþjálfari kennir þér | ___ að liggja í sólbaði. |
| 5. Í lyfjabúð er hægt | ___ í heila viku á spítala. |
| 6. Skurðlækni finnst gaman | ___ hann tekur sýklalyfið. |
| 7. Ég þarf að liggja | ___ Sjúkratryggingum Íslands. |
| 8. Rafael dreymir um | ___ hjá lækni. |
| 9. Hann datt og | ___ bakinu? |
| 10. Hún þarf túlk í læknisskoðuninni | ___ að skera fólk upp. |
| 11. Þið fáið afsláttarkort hjá | ___ að hreyfa þig rétt og gera æfingar. |
| 12. Er þér illt í | ___ af því að hún er útlendingur. |

4.2 Skrifaðu mig eða mér



_____ dreymir mikið á nóttunni. _____ líður alltaf vel í draumunum af því að ég syndi í sjónum og _____ finnst það gaman. _____ vantar aukavinnu af því ég er að safna. _____ langar að fara í langt ferðalag og _____ þykir gott að sofa á góðum hótélum. _____ gengur vel að læra og _____ tekst vonandi að fá góða vinnu.

5. Sjálfsmat – Petta kann ég!



1. Ég kann **orðin**

- | | |
|---|---|
| <input type="checkbox"/> heimilislæknir | <input type="checkbox"/> myndataka |
| <input type="checkbox"/> heilsugæslustöð | <input type="checkbox"/> meðferð |
| <input type="checkbox"/> læknisskoðun | <input type="checkbox"/> blóðprufa |
| <input type="checkbox"/> spítali | <input type="checkbox"/> verkur- verkir |
| <input type="checkbox"/> sérfræðingur | <input type="checkbox"/> túlkur |
| <input type="checkbox"/> hjúkrunarfræðingur | |

2. Ég kann **að spyrja og svara**

- | | |
|---|--|
| <input type="checkbox"/> Dreymir þig á nóttunni? | <input type="checkbox"/> Já, mig dreymir ... |
| <input type="checkbox"/> Hvað vantar þig? | <input type="checkbox"/> Mig vantar aukavinnu. |
| <input type="checkbox"/> Hvenær leiðist þér? | <input type="checkbox"/> Mér leiðist á veturna. |
| <input type="checkbox"/> Hvernig líður þér í dag? | <input type="checkbox"/> Mér líður vel/illa. |
| <input type="checkbox"/> Hvar er þér illt? | <input type="checkbox"/> Mér er illt í bakinu og hálsinum. |

3. Æfðir þú þig í að tala? Já, mikið Já, svolítið Nei, mjög lítið
Hvernig gekk? Vel Sæmilega Ekki vel

4. Æfðir þú þig í að skrifa? Já, mikið Já, svolítið Nei, mjög lítið
Hvernig gekk? Vel Sæmilega Ekki vel

5. Æfðir þú lestur? Já, mikið Já, svolítið Nei, mjög lítið
Hvernig gekk? Vel Sæmilega Ekki vel

6. Æfðir þú hlustun? Já, mikið Já, svolítið Nei, mjög lítið
Skildir þú allt? Já, allt Já, mikið Nei, lítið

7. Notaðir þú orðabók? Já, mikið Já, svolítið Nei, ekki neitt

8. Hvað **lærðir þú nýtt** í 4. kafla? _____

9. Hvað ætlar þú **að nota**? _____

10. Hvað þarftu **að læra betur**? _____

Ópersónulegar sagnir

-ar sagnir

Þolfall + sögn nt/þt

Þágufall + sögn nt/þt

að langa	að batna
<p> mig þig hann hana það okkur ykkur þá þær þau </p> <p>langar/langaði</p> <p> að vanta: Hann vantar vinnu. að syfja: Syfjaði þig í skólanum í gær? að gruna: Mig grunar að ég fái hring í gjöf. að verkja: Hana verkjaði í fótinn eftir aðgerðina. </p>	<p> mér þér honum henni því okkur ykkur þeim þeim þeim </p> <p>batnar/batnaði</p> <p> að versna: Henni versnar dag frá degi. að líka: Þeim líkaði ekki vel við lækinn. að sárna: Mér sárnar þegar þú talar illa um mig. </p>

-ir sagnir

Þolfall + sögn nt/þt

Þágufall + sögn nt/þt

<p> að dreyma: dreymir/dreymdi Mig dreymir á hverri nóttu. Hann dreymdi um að byggja stórt hús. </p> <p> að minna: minnir/minnti Mig minnir að hann eigi afmæli í júní. Okkur minnti að flugið væri klukkan sjö. </p>	<p> að þykja: þykir/þótti Mér þykir vænt um afa minn. Henni þótti vænt um hundinn sinn sem dó. </p> <p> að léttja: léttir/létti Mér léttir þegar prófið verður búið á morgun. Honum létti þegar aðgerðin var búin. </p>
---	---

-ur sagnir

Þolfall + sögn nt/þt

að sviða: sviður/sveið
Hana sviður í sárið á fingrinum.
Barnið sveið í munninn þegar það drakk heitt kakó.

Þágufall + sögn nt/þt

að ganga: gengur/gekk
Mér gengur vel að læra íslensku.
Hvernig **gekk þér** í bílprófinu?

að líða: líður/leið
Mér líður vel í nýju íbúðinni.
Okkur leið illa í flugvélinni.

-st sagnir (miðmyndarsagnir)

Þágufall + sögn nt/þt

að finnast: finnst/fannst
Mér finnst gaman að ferðast.
Okkur fannst skemmtilegt á tónleikunum í gær.

að leiðast: leiðist/leiddist
Henni leiðist að taka til og þrifa.
Honum leiddist í leikhúsinu.

að takast: tekst/tókst
Ykkur tekst örugglega að ná prófinu!
Tókst þér að klára að mála um helgina?

Mér er illt í ... + þágufall

Nefnifall	Mér er illt í + þgf Ég er með verki í + þgf
höfuðið	höfðinu
hálsinn	hálsinum
öxlin/axlirnar	öxlinni/öxlunum
maginn	maganum
bakið	bakinu
höndin/hendurnar	hendinni
fingurinn/fingurnir	fingrinum/fingrunum
fóturinn/fætturnir	fætinum/fótunum





orð	þýðing
að batna	
að klæja	
að leiðast	
að svima	
að vanta	
að versna	
að þykja	
aðgerð	
afsláttarkort	
gifs	
hækjur	
krabbamein	
kvittun	
lyfseðill	
læknisþjónusta	
meðferð	
pirrandi	
rannsókn	
sérfræðingur	
sjúkraþjálfari	
stuðningur	
sýking	
sýklalyf	
veikindaleyfi	
verkur	